

EFTIRLITSSKÝRSLA

Síldarvinnslan Seyðisfirði Seyðisfjörður



| | | | |
|----------------------------|----------------------------|--------------------------------|------------------------|
| Dags eftirlits | 21.11.2016 | Ábyrgðarmaður eftirlits | Gottskálf Friðgeirsson |
| Fyrirtæki | Síldarvinnslan Seyðisfirði | Eftirlitsmaður | Leifur Þorkelsson |
| Heimili | Strandarvegi 1 - 11 | Tegund eftirlits | Reglubundið |
| Kennitala | 5702697479 | Flokkur | Fiskimjölsverksmiðja |
| Fulltrúi fyrirtækis | Gunnar Sverrisson | ÍSAT nr. | 15.20.7 |
| Fulltrúi fyrirtækis | | Staðsetning | 733858,42 539323,093 |

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt nýtt frávik kom fram í eftirlitsferðinni en hraði útblásturslofts frá skorsteini er undir starfsleyfismörkum.

Brugðist hafði verið við tveimur frávikum sem fram komu í síðustu eftirlitsferð og úrbótafrestur veittur varðandi það þriðja.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið var framkvæmt af Heilbrigðiseftirliti Austurlands samkvæmt samningi þar um. Eftirlitsmaður var Leifur Þorkelsson.

Farið var yfir síðustu eftirlitsskýrslu sem unnin var í kjölfar eftirlitsferðar þann 4. september 2015 en þá komu fram þrjú frávik frá starfsleyfi verksmiðjunnar. Ekki hafði verið tilkynnt um TVN yfir viðmiðunarmörkum, ryk í útblæstri frá olíubrennurum var yfir starfsleyfismörkum og útstreymisbókhaldi vegna ársins 2014 hafði ekki verið skilað.

Umhverfisstofnun óskaði eftir áætlun um úrbætur með bréfi dagsettu 3. mars 2016. Í svarbréfi frá verksmiðjunni dagsettu 22. mars sl. kom fram að gerðar hafi verið ráðstafanir sem tryggja að tilkynnt verði um öll tilvik þar sem TVN í hráefni mælist yfir starfsleyfismörkum. Einnig kom fram að verkfræðistofa væri að vinna útstreymisbókhald fyrir verksmiðjuna. Varðandi ryk í útblæstri komu fram efasemdir um að mögulegt væri ná þeim mörkum sem starfsleyfið kveður á um jafnframt var óskað eftir samstarfi við stofnunina við að finna lausn á þessu vandamáli.

Fram kom að á árinu hefur verksmiðjan unnið úr rúmlega 25.000 tonnum af kolmunna. Verksmiðjan var í gangi á tímabilinu 17.- 23. janúar og aftur frá 16. apríl – 22. maí. Tilkynnt var um gangsetningu í janúar og í apríl í samræmi við ákvæði í grein 1.5. í starfsleyfi. Í sömu grein kemur fram að einnig þarf að tilkynna eftirlitsaðila þegar vertið lýkur. Ekki er gert ráð fyrir að meira hráefni berist til verksmiðjunnar fyrr en á nýju ári.

Engar breytingar hafa verið gerðar á verksmiðjunni að undanfögnu en unnið hefur verið að almennu viðhaldi m.a. hefur klæðning á mjölnhúsi verið endurnýjuð að hluta. Engin mengunaróhöpp hafa orðið í verksmiðjunni og engar kvartanir hafa borist vegna starfseminnar.

Mælingar á ryki í útblæstri frá olíubrennurum hafa ekki verið endurteknaðar en niðurstöður mælinga sem framkvæmdar voru júní 2015 sýndu að ryk í útblæstri væri yfir starfsleyfismörkum. Umhverfisstofnun hefur með tölvupósti til framkvæmdastjóra Félags íslenskra fiskmölsframleiðenda dags. 8.11. sl. veitt verksmiðjunum frest til 31. janúar 2017 til að leggja fram greinargerð varðandi úrbætur/lausn vegna fráviks í tengslum við magn ryks í útblæstri frá fiskimjölsverksmiðjum.

Samhliða mælingum á ryki í útblæstri var hraði útblásturslofts frá skorsteinum mældur. Í ljós kom að útblásturhraði beggja skorsteinanna var lægri en 20 m/s og er því um frávik frá starfsleyfi að ræða.

Sýni var tekið af fráveituvatni í apríl sl. niðurstöðum hefur ekki verið skilað en útreikningar benda til að magn mengandi efna í frárennsli sé undir þeim mörkum sem tiltekin eru í grein 2.17

Grænu bókhaldi vegna ársins 2015 hefur verið skilað sem og útstreymisbókhaldi. Í útstreymisbókhaldi kemur fram að losun mengandi efna frá verksmiðjunni sé langt undir þeim mörkum sem tiltekin eru í reglugerð um útstreymisbókhald

Hávaði frá verksmiðjunni var mældur þann 25. apríl sl. en þá var verksmiðjan keyrð á fullum afköstum. Niðurstöður mælinganna koma fram í skýrslu frá verkfræðistofunni Mannvit sem skilað var 26. maí sl. og gefa þær til kynna verksmiðjan uppfylli uppfylli kröfur m.t.t. hávaða eins og þær eru skilgreindar í starfsleyfi

Athafnasvæði verksmiðjunnar var skoðað án athugasemda.

Frávik frá

ákvæði í grein 2.13

Lýsing á fráviki

Hraði útblásturslofts frá skorsteini er lægri en 20 m/s

ATHUGASEMDIR

Vakin er athygli á því að samkvæmt orðalagi í grein 1.5. ber að tilkynna eftirlitsaðila bæði um upphaf og lok vertíða.

ANNAÐ

Minnt er á að skila þarf niðurstöðum og útreikningum í tengslum við mælingar á fráveituvatni.

Minnt er á að frestur til að leggja fram greinargerð vegna ryks í útblæstri rennur út 31. janúar 2017.

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 28.11.2016


Gottskálk Friðgeirsson